

Vinnureglur nýsköpunar-og þróunarsjóðs Dalvíkurbyggðar

Vinnureglur þessar eru settar með stoð í reglum fyrir nýsköpunar-og þróunarsjóð Dalvíkurbyggðar sem samþykktar voru á 896.fundi byggðaráðs Dalvíkurbyggðar þann 14. febrúar 2019 og staðfesta á 310.fundi sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar þann 19. febrúar 2019.

Vinnureglum þessum er ætlað að vera reglum sjóðsins til fyllingar og þjóna sem leiðbeiningar fyrir stjórn sjóðsins við meðhöndlun umsókna og afgreiðslu þeirra auk þess sem styrkþegum er gert að samykka og undirgangast reglurnar, áður en til úthlutunar kemur, sbr. 8.gr. reglna sjóðsins.

1. gr.

Um úthlutun styrkja úr nýsköpunar-og þróunarsjóði gilda reglur sjóðsins og skuldbinda styrkþegar sig til þess að fylgja þeim reglum í einu og öllu. Styrkþegar lýsa því yfir með undirritun sinni á samning um úthlutun, að allar upplýsingar og gögn sem þeir hafa lagt fyrir stjórn sjóðsins, hvort sem um er að ræða munnlega eða skriflega, séu réttar og gefi ljósa og glögga mynd af því verkefni sem hlýtur styrk.

Stjórn sjóðsins skal ganga úr skugga um að öll gögn og upplýsingar sem liggja til grundvallar ákvörðun um úthlutun séu réttar og staðreyna, eftir því sem tilefni kunna að gefast, að svo sé. Stjórn sjóðsins hefur heimildir til þess að kalla eftir frekari upplýsingum og skýringum, gerist þess þörf og skal styrkþegi leitast við að veita allar þær nánari upplýsingar sem kann að verða kallað eftir.

2.gr.

Stjórn sjóðsins skal leitast við að taka afstöðu til umsókna eins fljótt og auðið er og tilkynna umsækjendum um ákvörðun sína, með rökstuddum hætti, innan hæfilegs frests frá því að ákvörðun er tekin.

3.gr.

Umsækjendur um styrki skulu eftir fremsta stuðla að því að umsóknir þeirra og fylgigögn öll séu sett fram með skýrum og ljósum hætti og skulu umsókn fylgja öll þau gögn og upplýsingar sem fram koma í 4.gr. reglna sjóðsins.

Berist stjórn sjóðsins umsókn sem uppfyllir, að mati stjórnar, ekki ákvæði 4.gr. reglna hans, skal stjórn gera viðkomandi umsækjanda viðvart og veita skamman frest til þess að bæta úr og skila inn fullnægjandi umsókn. Stjórn sjóðsins skal í slíkum tilfellum upplýsa viðkomandi umsækjanda um hvað það er sem kann að þarfnast úrbóta.

Þrátt fyrir ofangreint er stjórn sjóðsins heimilt að vísa frá umsóknum sem uppfylla ekki skilyrði reglna sjóðsins og ekki verður bætt úr að mati stjórnar með framlagningu frekari gagna og/eða upplýsinga.

Þá getur stjórn sjóðsins afturkallað samþykkt sínar um úthlutun komi í ljós að forsendur úthlutunar eru ekki lengur fyrir hendi eða ef styrkþegi hefur gerst brotlegur við vinnureglur þessar og/eða samning um verkefnið, sbr. 8.gr. reglna sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal tilkynna styrkþega um fyrirhugaða afturköllun með sannanlegum hætti og rökstyðja ákvörðun sína með vísan til reglna um sjóðinn og vinnureglna þessara.

Stjórn sjóðsins getur krafist endurgreiðslu þeirra fjárhæða úr hendi styrkþega, sem inntar hafa verið af hendi, enda liggi að mati stjórnar fyrir að styrkþegi hefur gerst brotlegur við reglur sjóðsins eða látið undir höfuð leggjast að upplýsa stjórn um breyttar forsendur sem haft hafa áhrif á framvindu verkefnisins.

4.gr.

Styrkþegar skuldbinda sig til þess að aðhafast ekkert það sem brýtur í bága við reglur sjóðsins, vinnureglur þessar eða samnings um verkefnið og upplýsa stjórn sjóðsins án tafar ef einhver atvik koma upp sem valda því að forsendur viðkomandi verkefnis breytast eða önnur atvik koma upp sem hefðu að óbreyttu haft áhrif á úthlutun styrkja til viðkomandi aðila.

Þá hvílir sú skylda á styrkþegum að veita stjórns sjóðsins allar þær upplýsingar sem kallað kann að verða eftir af hálfu stjórnar, eða starfsmanns hennar, um framgang verkefnis sem hlotið hefur styrk og stöðu þess að öðru leyti.

5.gr.

Að öðru fer um úthlutanir styrkja, meðferð umsókna og samskipti stjórnar og umsækjenda og/eða styrkþega, samkvæmt reglum um nýsköpunar-og þróunarsjóð Dalvíkurbyggðar, vinnureglur þessar og almennar reglur stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Komi upp ágreiningur á milli stjórnar sjóðsins og styrkþega, skuldbinda aðilar sig til þess að leita allra leiða til þess að leysa hann og hafa í heiðri meginregluna og góð og greið samskipti aðila.

6.gr.

Aðilar lýsa yfir fullum trúnaði um verkefnin og öll þau gögn sem þeim liggja til grundvallar, með þeim almennu fyrirvörum sem stjórnsýslu-og upplýsingalög setja um aðgang að gögnum og upplýsingum í vörslum opinberra aðila.

Samþykkt á 42. fundi Atvinnumála- og kynningarráðs 06.03.2019
Samþykkt á 311. fundi Sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar 19.03.2019.

Nýsköpunar-og þróunarsjóður Dalvíkurbyggðar/Dalvíkurbyggð, kt. 620598-2089, Ráðhúsi, 620 Dalvík og [styrkþegi], gera með sér svohljóðandi

Samning um úthlutun úr nýsköpunar-og þróunarsjóði Dalvíkurbyggðar

Forsendur samnings þessa eru þær að [styrkþegi] hefur fengið úthlutað styrk í samræmi við reglur nýsköpunar-og þróunarsjóðs Dalvíkurbyggðar. Með vísan til 8.gr. reglna sjóðsins skulu styrkþegar undirrita samning um það verkefni sem hlotið hefur styrk og undirgangast um leið vinnureglur þær sem settar hafa verið vegna meðferðar umsókna og úthlutanir styrkja.

1.gr.

[Styrkþegi] hefur hlotið styrk vegna neðangreinds verkefni:

[Nánari lýsing á verkefni]

2. gr.

Fjárhæð styrks nemur [kr.] og verður greiddur út samhliða undritun samnings þessa.

3.gr.

Styrkþegi hefur kynnt sér rækilega reglur sjóðsins og vinnureglur þær sem settar hafa verið samhliða honum og skuldbindur sig til þess að fylgja þeim reglum í einu og öllu.

Styrkþegi staðfestir það með undirritun sinni hér að neðan að stjórn sjóðsins geti krafist endurgreiðslu styrkja sem greiddir hafa verið út, komi í ljós að styrkþegi hefur gerst brotlegur við reglur sjóðsins eða veitt rangar og/eða villandi upplýsingar sem áhrif höfðu á ákvörðun stjórnar um úthlutun styrkja.

4.gr.

Að öðru leyti gilda um úthlutun styrksins reglur sjóðsins og vinnureglur settar þeim samhliða en þar sem þeim reglum sleppir gilda almennar meginreglur stjórnsýsluréttarins, eftir því sem við á. Reglur sjóðsins og vinnureglurnar skoðast sem hluti af samningi þessum.



DALVÍKURBYGGÐ

5. gr.

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og gildir þangað til því tímabili lýkur sem verkefninu er ætlað að standa, sbr. lýsingu þess í 1.gr. Styrkþegi skal leggja fyrir stjórn sjóðsins lokaskýrslu um framvindu verkefnisins við lok þess hvar m.a. skal gera grein fyrir ráðstöfun styrksins og stöðu verkefnisins við lok tímabilsins.

Dalvíkurbyggð [...]

f.h. Nýsköpunar-og þróunarsjóðs Dalvíkurbyggðar

f.h. [styrkþegi]

Samþykkt á 42. fundi Atvinnamála- og kynningarráðs 06.03.2019
Samþykkt á 311. fundi Sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar 19.03.2019.